

✉ Re: Auglýst deiliskipulagstillaga - Árhólmar 1 Hveragerði

Búið til	21.9.2022 12:29:30
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.9.2022 12:29:30
Tilheyrir	📁 202208-0025 - Auglýst deiliskipulagstillaga - Árhólmar 1 Hveragerði

Efni

Re: Auglýst deiliskipulagstillaga - Árhólmar 1 Hveragerði

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	21.9.2022 12:29:30	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	hildur@hveragerdi.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202208-0025 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 23. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um fyrri breytingar deiliskipulagsins, síðast þann 29. desember 2021, þegar bætt var við lóð fyrir upphafs- og endapall svifbrautar við Hengladalaá og stækkað bílastæði við þjónustumiðstöðina. Breytingin núna varðar einungis byggingarreit á lóð A1, þar sem þjónustulóð er stækkuð en byggingarmagn helst óbreytt. Meðal annars er bætt við 14 bílastæðum og tveimur rútubílastæðum inning lóðinnar.

Lóðin sem um ræðir er þegar á röskuðu svæði og Náttúrufræðistofnun gerir því engar athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna.

Vert er að benda á að mörk náttúruminjaskrár (ekki náttúruverndarskrár) eru ekki rétt og í raun er allt svæðið sem sýnt er á uppdrættinum innan marka svæða á C-hluta náttúruminjaskrá, en þau eru tvö – *Varmá og Ólfusforir* annars vegar og *Hengilssvæðið* hins vegar.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Hildur Gunnarsdóttir" <hildur@hveragerdi.is>

To: "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "Gunnlaugur Jónasson" <gunnlaugur@olfus.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "hs@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>

CC:

Subject: Auglýst deiliskipulagstillaga - Árhólmar 1 Hveragerði

Date: 23.8.2022 12:12:38

Sæl.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 18. júlí að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði fyrir þjónustumiðstöðina að Árhólma 1 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er til kynningar fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum til 21. september 2022. Vil ég hér með vekja athygli ykkar á málinu.

Tengill á tillögu á heimasíðu bæjarins:

<https://www.hveragerdi.is/is/thjonusta/skipulagsmal/deiliskipulagsaaetlanir-i-kynningu>

(<https://www.hveragerdi.is/is/thjonusta/skipulagsmal/deiliskipulagsaaetlanir-i-kynningu>)

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Bestu kveðjur,

Hildur Gunnarsdóttir

skipulagsfulltrúi

Breiðumörk 20

810 Hveragerði

Sími : 483-4000

Tölvupóstur : hildur@hveragerdi.is
(<mailto:hildur@hveragerdi.is>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)